

Fundargerð ársfundar Málvísindastofnunar 2026

Ársfundur var haldinn 11. júní 2026 kl. 14.30 í Eddu. Á fundinum voru Kolbrún Friðriksdóttir (formaður), Guðrún Þórhallsdóttir, Ásgrímur Angantýsson, Sigríður Sæunn Sigurðardóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Iris Edda Nowenstein og Lilja Björk Stefánsdóttir.

Formaður fór yfir rekstrarreikning og ársskýrslu fyrir árið 2025. Fram kom að fjárhagsleg staða í árslok væri góð en jafnframt nefnt að boðuð væri lækkun á framlagi til stofnana á Hugvísindasviði fyrir árið 2026.

Rætt var að stjórn hefði gert margvíslegar breytingar á heimasíðu Málvísindastofnunar í kjölfar ársfundar 2025, margt þurfti leiðréttingar eða uppfærslu við en almennt miðuðust breytingarnar við þá stefnu stjórnar að vefsíðan yrði sem sjálfbærust. Helstu breytingar sem voru gerðar vörðuðu framsetningu á upplýsingum um rannsóknasvið félaga. Þær hafa nú verið tengdar starfsmannasíðum viðkomandi í Háskóla Íslands en þar koma fram sérsvið félaga og upplýsingar um rannsóknir í rannsóknagátt (IRIS HÍ).

Jafnframt voru gerðar þær breytingar að sérstakur flípi, „tenglar“, sem hefur verið á heimasíðu stofnunarinnar var tekinn út. Þar undir voru tenglar á a) stofnanir og félög, b) rafrænar orðabækur og orðasöfn, c) málleg gagnasöfn og d) mállegan hugbúnað. Taldi stjórn að ekki væri lengur þörf á slíkum upplýsingum, margir tenglanna sem þar voru reyndust óvirkir og ljóst að uppfæra þyrfti slíkar upplýsingar reglulega með tilkomu nýrra vefsíðna ef vel ætti að vera. Tenglarnir sem voru teknir út eru til í sérskjali hjá stjórnarformanni ef áhugi er á að endurvekja flípan/tenglana síðar. Rætt var og um önnur smáleg atriði sem lagfærð voru eða tekin af heimasíðunni. Fundarmenn voru samþykkir þeim breytingum sem voru gerðar.

Einnig var rætt um lista yfir rannsóknaverkefni á heimasíðunni sem félagar í stofnuninni eiga aðild að og framsetningu þeirra. Sá listi hefur ekki verið uppfærður lengi og nefnt að undir yfirheitinu „nýleg verkefni“ væri ekki um nýleg verkefni að ræða. Greint var frá því að stjórnarmeðlimir hefðu nú sett inn nýleg verkefni sem snerta þá inn á heimasíðuna. Bent var á að einfalda mætti framsetningu rannsóknaverkefna á síðunni, að betra væri að hafa aðeins tvo verkefnaflokka í stað fjögurra áður, þ.e. „verkefni“ annars vegar og „þátttaka í verkefnum á vegum annarra stofnana“ hins vegar. Fundarmönnum leist vel á að gera þær breytingar. Stjórnin hvatti jafnframt félagar á fundinum til að senda inn upplýsingar um ný verkefni sem þeir eiga þátt í til að setja á heimasíðuna.

Tilkynnt var um breytingu sem varðar upphæð mótframlags Málvísindastofnunar með styrkjum sem félagar fá úr Nýsköpunarsjóði, þ.e. nú miðast upphæð mótframlags við ein mánaðarlaun að hámarki samkvæmt taxta Sameindar (í stað taxta Nýsköpunarsjóðs áður) sem leiðir til þess að upphæðin verður 400.000 kr. árið 2026 (í stað 340.000 kr. árið 2025).

Á fundinum lagði stjórn jafnframt fram tillögu að nýjum styrkmöguleika hjá Málvísindastofnun, þ.e. ráðstefnustyrk, ásamt lýsingu á honum. Tillagan var samþykkt einróma.

Undir liðnum „önnur mál“ vakti Jóhannes Gísli máls á því að frágangur bóka sem voru settar í nemendarymi í Eddu á 2. hæð (þegar bókageymslan í Árnagarði var tæmd af bókalager Málvísindastofnunar) væri ekki nógu góður. Mikið magn væri þar af sömu ritunum og þeim ekki komið snyrtilega fyrir. Bauðst Jóhannes til að fara yfir þessi rit, taka jafnvel einhver

þeirra á skrifstofu sína og rætt að mögulega væri hægt að geyma lager í fundarherbergi á 3. hæð (E-306).

Í tengslum við umræðu um að félagar settu reglulega inn upplýsingar um nýleg verkefni á eigin vegum á heimasíðu Málvísindastofnunar lagði Ásgrímur til að kallað yrði eftir verkefnislýsingum um það leyti sem vinna við framtal starfa fer fram (janúar). Í sama pósti mætti vekja athygli á mótframlagsstyrknum hjá stofnuninni v/ styrks úr Nýsköpunarsjóði. Stjórnin skoðar þessi mál.

Loks benti Iris á fyrirlestur Steven Bird í Eddu 12. júní, „Towards a General Theory of Linguistic Diversity“, og Sigríður Sæunn upplýsti um ráðstefnu, „International Conference on Historical Linguistics (ICHL28)“, sem haldin verður við Háskóla Íslands 2027. Því tengt var rætt almennt um möguleika starfsmanna og nemenda Háskóla Íslands á að fá afslátt af ráðstefnugjöldum á ráðstefnum sem eru haldnar við skólann.

Fundi slitið kl. 15:48.